

Mál nr. 81/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar****Þjófnaður muna úr bifreið erlendis 10.02. 2011****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Tilkynntur var til vátryggingafélagsins þjófnaður úr bifreið sem átti sér stað fyrir utan veitingahús á Filippseyjum. M tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu sama kvöld og atburðurinn varð. Samkvæmt skýrslu lögreglu var hurð bifreiðarinnar opin þegar “fólkið kom aftur af veitingahúsinu”. M kveðst hafa læst bifreiðinni. Segir í skýrslu hans/lögreglu að væntanlega hafi verið notaður þjófalykill til að opna bifreiðina.

Félagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Vátryggður verði a.m.k. að leiða líkur að því að bifreiðin hafi verið læst, “um hreinar getgátur er að ræða í umræddri skýrslu sem er af hálfu lögreglu...” Engar sjálfstæðar athuganir hafi farið fram af hálfu lögreglu til að skoða það hvort að þjófalykill hafi verið notaður. Engin augljós ummerki eða vísbendingar hafi verið um innbrot bifreiðina.

Félagið vísar og til þess að M hafi tilkynnt tjón til félagsins fyrir nokkrum árum þar sem atvik máls voru sögð eiga sér stað í sama landi og við sömu aðstæður og nú þ.e. að stolið hafi verið úr bifreið sem lagt var fyrir utan veitingahús.

Félagið vísar til þess að skilyrt sé í varúðarreglu skilmála að bifreið sé læst þegar þjófnaður á sér stað. Félagið vísar til fordæmis í máli úrskurðarnefndar nr. 166/2008. Í því máli hafi verið lagt til grundvallar að bifreið hafi verið ólæst og bótaréttur ekki fyrir hendi.

Félagið telur að sannanir hafi ekki verið lagðar fram um greiðsluskyldu. Ef nefndin komist að þeirri niðurstöðu að um bótaskyldu sé að einhverju leyti að ræða óskar félagið eftir því að tiltekið verði hvaða muni fallist sé á bótaskyldu. Félagið telur að sannanir hafi ekki verið lagðar fram fyrir a.m.k. stórum hluta af þeim munum sem sagðir eru vera stolnir. Engir upprunalegir reikningar hafi verið lagðir fram en útveguð hafi verið útprentun frá Elko vegna nokkurra muna sem fylgdi málskotinu.

Félagið telur rétt að hafa greiðsluskyldu. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Mál þetta óljóst og illa upplýst. Ósannað er að bifreiðin hafi verið læst í umrætt sinn og ekki virðast hafa verið tilburðir í þá átt að upplýsa um ástand bifreiðarinnar né aðstæður á vettvangi t.d. hvernig hlutir voru geymdir inni í bifreiðinni.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.